

**Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa**  
01 101

**Ársreikningur 2023**

## Efnisyfirlit

|                                                        | Bls. |
|--------------------------------------------------------|------|
| Skýrsla og áritun forstöðumanns .....                  | 2    |
| Yfirlit um afkomu ársins .....                         | 3    |
| Efnahagsreikningur .....                               | 4    |
| Sjóðstreymisyfirlit .....                              | 5    |
| Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum ..... | 6    |
| Skýringar .....                                        | 7    |

Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa

kt. 550169-1269

Stjórnarráðshúsið við Lækjartorg, 101 Reykjavík

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Forsætisráðuneytið, aðalskrifstofa er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs. Forsætisráðherra fer með yfirstjórn ráðuneytisins og ber ábyrgð á öllum stjórnarframkvæmdum þess. Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra.

Þær stofnanir sem heyra undir ráðuneytið eru Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, ríkislögmaður, umboðsmaður barna, óbyggðanefnd, Jafnréttissjóður Íslands og Jafnréttisstofa.

Verkefni ráðuneytisins eru skilgreind í forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands. Þau varða stjórnskipan lýðveldisins Íslands og Stjórnarráðið í heild, málefni ríkisstjórnar og ráðherranefnda, málefni ríkisráðs, þjóðhagsmál, löggjafarmálefni, stjórnarfar almennt, þjóðartákn og fleira. Forsætisráðuneytið fer auk þess með ýmis málefni og tilfallandi verkefni er tengjast stöðu og störfum forsætisráðherra sem oddvita ríkisstjórnarinnar og samræmingu og samráð er lýtur að samstarfi ráðuneyta á ýmsum sviðum.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 3 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2023 var ársveltan kr. 1.060,4 milljónir og afkoma kr. -11,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 43,1 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 206,5 milljónir.

Starfsemin á árinu 2023 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2023. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2023 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Forsætisráðuneytis, aðalskrifstofu fyrir árið 2023 með rafrænni undirritun sinni.

Benedikt Árnason  
ráðuneytisstjóri

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2023

|                                                              | Skýr | 2023                 | 2022                 |
|--------------------------------------------------------------|------|----------------------|----------------------|
| <b>Tekjur</b>                                                |      |                      |                      |
| Tekjufærsla fjárveitinga .....                               | 2    | 1.053.100.000        | 994.200.000          |
| Seld þjónusta .....                                          |      | 78.400               | 0                    |
| Framlög og ýmsar tekjur .....                                | 3    | 1.227.814            | 5.695.151            |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....                  | 2    | 5.977.682            | 5.589.813            |
| <b>Tekjur samtals</b>                                        |      | <b>1.060.383.896</b> | <b>1.005.484.964</b> |
| <b>Gjöld</b>                                                 |      |                      |                      |
| Framlög og tilfærslur .....                                  | 4    | 30.357.843           | 29.174.329           |
| Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....         | 5    | 722.780.867          | 681.147.763          |
| Annar rekstrarkostnaður .....                                | 6    | 312.853.184          | 280.707.071          |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....                     |      | 49.108               | 20.047               |
| Afskriftir og niðurfærslur .....                             | 7    | 5.977.682            | 5.589.813            |
| <b>Gjöld samtals</b>                                         |      | <b>1.072.018.684</b> | <b>996.639.023</b>   |
| <b>Afkoma ársins</b>                                         |      | <b>(11.634.788)</b>  | <b>8.845.941</b>     |
| <b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b> |      |                      |                      |
| Rekstur .....                                                | 2    | (9.776.945)          | 9.520.270            |
| Rekstrartilfærslur .....                                     |      | (1.857.843)          | (674.329)            |
|                                                              |      | <b>(11.634.788)</b>  | <b>8.845.941</b>     |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2023

|                                                     | Skýr | 31.12.2023         | 31.12.2022         |
|-----------------------------------------------------|------|--------------------|--------------------|
| <b>Eignir</b>                                       |      |                    |                    |
| Viðskiptakröfur .....                               |      | 1.090.215          | 5.327.715          |
| Tengdir aðilar .....                                | 8    | 179.766.901        | 198.726.962        |
| Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....   |      | 0                  | 109.576            |
| Varanlegir rekstrarfjármunir .....                  | 9    | 25.594.417         | 31.154.083         |
| Óefnislegar eignir .....                            | 10   | 0                  | 39.258             |
| <b>Eignir samtals</b>                               |      | <b>206.451.533</b> | <b>235.357.594</b> |
| <b>Skuldir</b>                                      |      |                    |                    |
| Tengdir aðilar .....                                | 8    | 7.117.520          | 2.921.406          |
| Viðskiptaskuldir .....                              |      | 12.305.190         | 17.071.927         |
| Ýmsar skammtímaskuldir .....                        | 11   | 101.566.536        | 94.489.504         |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....     | 12   | 42.317.925         | 66.095.607         |
| <b>Skuldir samtals</b>                              |      | <b>163.307.171</b> | <b>180.578.444</b> |
| <b>Eignir samtals að frádrögnum skuldum samtals</b> |      | <b>43.144.362</b>  | <b>54.779.150</b>  |
| <b>Eigið fé</b>                                     |      |                    |                    |
| Hrein eign .....                                    | 13   | 43.144.362         | 54.779.150         |
| <b>Eigið fé samtals</b>                             |      | <b>43.144.362</b>  | <b>54.779.150</b>  |
| <b>Eigið fé og skuldir samtals</b>                  |      | <b>206.451.533</b> | <b>235.357.594</b> |
| <b>Aðrar upplýsingar</b>                            |      |                    |                    |
|                                                     | 14   |                    |                    |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2023

|                                                            | Skýr | 2023                | 2022              |
|------------------------------------------------------------|------|---------------------|-------------------|
| <b>Rekstrarhreyfingar</b>                                  |      |                     |                   |
| Hreint veltufé frá rekstri:                                |      |                     |                   |
| Afkoma ársins .....                                        |      | (11.634.788)        | 8.845.941         |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:           |      |                     |                   |
| Afskriftir .....                                           | 7    | 5.977.682           | 5.589.813         |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....                |      | (5.977.682)         | (5.589.813)       |
|                                                            |      | <u>(11.634.788)</u> | <u>8.845.941</u>  |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:                     |      |                     |                   |
| Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....              |      | 4.347.076           | (5.355.236)       |
| Tengdir aðilar .....                                       |      | 4.977.417           | (3.057.915)       |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:                    |      |                     |                   |
| Skammtímaskuldir .....                                     |      | <u>2.310.295</u>    | <u>(432.790)</u>  |
|                                                            |      | 11.634.788          | (8.845.941)       |
|                                                            |      | <u>0</u>            | <u>0</u>          |
| <b>Handbært fé frá rekstri</b>                             |      |                     |                   |
| <b>Fjárfestingarhreyfingar</b>                             |      |                     |                   |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....                 | 9    | (3.615.158)         | (13.012.030)      |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, verk í vinnslu ..... |      | 3.236.400           | (2.610.000)       |
| Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....                 |      | <u>0</u>            | <u>4.945.800</u>  |
|                                                            |      | (378.758)           | (10.676.230)      |
| <b>Fjármögnunarhreyfingar</b>                              |      |                     |                   |
| Tengdir aðilar .....                                       |      | 18.178.758          | 0                 |
| Fjárfestingarframlag .....                                 |      | <u>(17.800.000)</u> | <u>10.676.230</u> |
|                                                            |      | 378.758             | 10.676.230        |
| <b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>                       |      |                     |                   |
| Handbært fé í byrjun árs .....                             |      | 0                   | 0                 |
|                                                            |      | <u>0</u>            | <u>0</u>          |
| <b>Handbært fé í árslok</b>                                |      |                     |                   |
|                                                            |      | <u>0</u>            | <u>0</u>          |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

## Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

|                                                                           | Fjárveiting til<br>rekstrar | Rekstrar-<br>tilfærslur | Fjárveiting til<br>fjárfestinga | Samtals              |
|---------------------------------------------------------------------------|-----------------------------|-------------------------|---------------------------------|----------------------|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2023 .....            | 988.700.000                 | 28.500.000              | (17.800.000)                    | 999.400.000          |
| Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda .....                       |                             |                         |                                 |                      |
| Launabætur .....                                                          | 35.900.000                  | 0                       |                                 | 35.900.000           |
| <b>Fjárveiting ársins .....</b>                                           | <b>1.024.600.000</b>        | <b>28.500.000</b>       | <b>(17.800.000)</b>             | <b>1.035.300.000</b> |
| Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2022, (umframráðstafað) .....      | 55.453.479                  | (674.329)               | 34.902.266                      | 89.681.416           |
| Breyting fjárveitinga skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins .. | (674.329)                   | 674.329                 | 0                               | 0                    |
| <b>Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu .....</b>                          | <b>1.079.379.150</b>        | <b>28.500.000</b>       | <b>17.102.266</b>               | <b>1.124.981.416</b> |
| Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum .....                            | (1.034.376.945)             | (30.357.843)            | (378.758)                       | (1.065.113.546)      |
| <b>Staða fjárveitinga í lok árs 2023 .....</b>                            | <b>45.002.205</b>           | <b>(1.857.843)</b>      | <b>16.723.508</b>               | <b>59.867.870</b>    |

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlaun tekna

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisýrningun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almenn er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisýrningunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisýrningun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisýrningunartap fært í yfirlit um afkomu.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

|                              |                  |
|------------------------------|------------------|
| Áhöld, tæki og búnaður ..... | 3-10 ár          |
| Farartæki og vélar .....     | 8-15 ár          |
| Aðrar eignir .....           | óafskrifað/10 ár |

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.



## Skýringar

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að fráðreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókom stofnunarinnar.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

|                                   | 2023                 | 2022               |
|-----------------------------------|----------------------|--------------------|
| <b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b> |                      |                    |
| Fjárveiting ársins .....          | 1.053.100.000        | 994.200.000        |
| Tekjufærsla frestaðra tekna ..... | 5.977.682            | 5.589.813          |
|                                   | <u>1.059.077.682</u> | <u>999.789.813</u> |

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

|                                                                      | Rekstur              | Rekstrar-<br>tilfærslur | Fjármagns-<br>tilfærslur | Samtals              |
|----------------------------------------------------------------------|----------------------|-------------------------|--------------------------|----------------------|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....            | 988.700.000          | 28.500.000              | 0                        | 1.017.200.000        |
| Launabætur .....                                                     | 35.900.000           | 0                       | 0                        | 35.900.000           |
| <b>Fjárveiting til tekna .....</b>                                   | <b>1.024.600.000</b> | <b>28.500.000</b>       | <b>0</b>                 | <b>1.053.100.000</b> |
| Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .. | (1.034.376.945)      | (30.357.843)            | 0                        | (1.064.734.788)      |
| <b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>                     | <b>(9.776.945)</b>   | <b>(1.857.843)</b>      | <b>0</b>                 | <b>(11.634.788)</b>  |

|                                                 | 2023             | 2022             |
|-------------------------------------------------|------------------|------------------|
| <b>3 Framlög og ýmsar tekjur</b>                |                  |                  |
| Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....         | 0                | 3.482.078        |
| Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir ..... | 613.954          | 2.099.085        |
| Ýmsar tekjur .....                              | 613.860          | 113.988          |
|                                                 | <u>1.227.814</u> | <u>5.695.151</u> |

### 4 Framlög og tilfærslur

|                                                   |                   |                   |
|---------------------------------------------------|-------------------|-------------------|
| Rekstrartilfærslur til ríkisaðila í A-hluta ..... | 0                 | 27.986.504        |
| Rekstrartilfærslur aðrir .....                    | 30.357.843        | 1.187.825         |
|                                                   | <u>30.357.843</u> | <u>29.174.329</u> |

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

|                            |                    |                    |
|----------------------------|--------------------|--------------------|
| Laun .....                 | 569.696.509        | 527.803.949        |
| Orlof, breyting .....      | 7.564.157          | 18.103.651         |
| Launatengd gjöld .....     | 129.854.071        | 120.268.188        |
| Starfsmannakostnaður ..... | 15.666.130         | 14.971.975         |
|                            | <u>722.780.867</u> | <u>681.147.763</u> |

|                              |      |      |
|------------------------------|------|------|
| Meðalfjöldi stöðugilda ..... | 42,2 | 42,6 |
|------------------------------|------|------|

### 6 Annar rekstrarkostnaður

|                                       |                   |                   |
|---------------------------------------|-------------------|-------------------|
| Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....     | 2.347.032         | 4.279.469         |
| Byggingarvörur, almennar .....        | 67.052            | 0                 |
| Tæki og búnaður til innréttinga ..... | 807.819           | 0                 |
| Ýmis tæki og áhöld .....              | 4.748.168         | 2.890.859         |
| Varahlutir og viðhaldsvörur .....     | 168.975           | 0                 |
| Orkugjafir .....                      | 1.355.301         | 1.032.333         |
| Matvæli .....                         | 32.423.800        | 40.904.883        |
| Almennar rekstrarvörur .....          | 2.157.482         | 2.005.356         |
| Vörukaup, almenn                      | <u>44.075.629</u> | <u>51.112.900</u> |
| Kennslu- og föndurvörur .....         | 338.613           | 250.914           |
| Vörukaup, sérgreind                   | <u>338.613</u>    | <u>250.914</u>    |

## Skýringar

|                                                                              | 2023              | 2022              |
|------------------------------------------------------------------------------|-------------------|-------------------|
| <b>6 Annar rekstrarkostnaður, (frh.)</b>                                     |                   |                   |
| Fundir, námskeið, risna .....                                                | 5.606.019         | 10.619.607        |
| Ferðir, uppihald .....                                                       | 32.884.402        | 26.000.063        |
| Akstur .....                                                                 | 2.055.344         | 3.337.671         |
| Sérfræðipjónusta .....                                                       | 57.436.771        | 57.328.744        |
| Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....                             | 41.445            | 165.862           |
| Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....                                      | 4.664.621         | 14.737.381        |
| Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....                          | 5.384.071         | 5.350.621         |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta                    | 108.072.673       | 117.539.949       |
| Samningsbundin kaup og leiga .....                                           | 7.242.344         | 7.329.295         |
| Afnotagjöld .....                                                            | 11.419.867        | 8.772.997         |
| Leigugjöld .....                                                             | 65.089.262        | 62.403.075        |
| Notkun véla og flutningatækja .....                                          | 1.679.068         | 1.101.730         |
| Verkkaup .....                                                               | 12.718.304        | 16.180.343        |
| Kostnaðarhlutdeild .....                                                     | 87.801.659        | 56.703.673        |
| Tryggingar, lögboðnar .....                                                  | 0                 | 1.464.789         |
| Opinber gjöld .....                                                          | 33.837            | 65.956            |
| Tilfærslur .....                                                             | 0                 | 65.978            |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.                 | 185.984.341       | 154.087.836       |
| Vörukaup .....                                                               | 0                 | 3.019             |
| Vörur til endursölu og birgðabreyting                                        | 0                 | 3.019             |
| Hlutdeild annarra í kostnaði .....                                           | (25.618.072)      | (42.287.547)      |
| Annar rekstrarkostnaður samtals                                              | 312.853.184       | 280.707.071       |
| <b>7 Afskriftir</b>                                                          |                   |                   |
| Áhöld, tæki og búnaður .....                                                 | 5.354.030         | 4.957.697         |
| Farartæki og vélar .....                                                     | 573.750           | 573.750           |
| Aðrar eignir .....                                                           | 10.644            | 19.109            |
| Niðurfærsla óefnislegra eigna .....                                          | 39.258            | 39.257            |
|                                                                              | 5.977.682         | 5.589.813         |
|                                                                              | <b>31.12.2023</b> | <b>31.12.2022</b> |
| <b>8 Tengdir aðilar</b>                                                      |                   |                   |
| Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila. |                   |                   |
| <i>Kröfur á tengda aðila:</i>                                                |                   |                   |
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....                                      | 177.300.341       | 198.632.130       |
| Aðrir ríkisaðilar .....                                                      | 2.466.560         | 94.832            |
|                                                                              | 179.766.901       | 198.726.962       |
| <i>Skuldir við tengda aðila:</i>                                             |                   |                   |
| Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila .....                                | 7.117.520         | 2.921.406         |
|                                                                              | 7.117.520         | 2.921.406         |

## Skýringar

**31.12.2023** **31.12.2022**

### 9 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

|                              |                   |                   |
|------------------------------|-------------------|-------------------|
| Áhöld, tæki og búnaður ..... | 19.360.131        | 21.099.003        |
| Farartæki og vélar .....     | 1.673.438         | 2.247.188         |
| Aðrar eignir .....           | 5.187.248         | 5.197.892         |
|                              | <u>26.220.817</u> | <u>28.544.083</u> |

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2023:

|                             | Áhöld, tæki<br>og búnaður | Farartæki<br>og vélar | Aðrar eignir     | Samtals           |
|-----------------------------|---------------------------|-----------------------|------------------|-------------------|
| Staða 01.01.2023 .....      | 66.681.256                | 4.590.000             | 6.380.985        | 77.652.241        |
| Viðbætur á árinu .....      | 3.615.158                 | 0                     | 0                | 3.615.158         |
|                             | <u>70.296.414</u>         | <u>4.590.000</u>      | <u>6.380.985</u> | <u>81.267.399</u> |
| Afskriftir 01.01.2023 ..... | 45.582.253                | 2.342.812             | 1.183.093        | 49.108.158        |
| Afskrift ársins .....       | 5.354.030                 | 573.750               | 10.644           | 5.938.424         |
|                             | <u>50.936.283</u>         | <u>2.916.562</u>      | <u>1.193.737</u> | <u>55.046.582</u> |
| Staða 31.12.2023 .....      | <u>19.360.131</u>         | <u>1.673.438</u>      | <u>5.187.248</u> | <u>26.220.817</u> |

**31.12.2023** **31.12.2022**

### 10 Óefnislegar eignir

|                          |   |        |
|--------------------------|---|--------|
| Óefnislegar eignir ..... | 0 | 39.258 |
|--------------------------|---|--------|

Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2023:

|                            | Hugbúnaður     |
|----------------------------|----------------|
| Stofnverð 01.01.2023 ..... | 196.286        |
| Viðbætur á árinu .....     | 0              |
|                            | <u>196.286</u> |
| Niðurfært 01.01.2023 ..... | 157.028        |
| Niðurfærsla ársins .....   | 39.258         |
|                            | <u>196.286</u> |
| Staða 31.12.2023 .....     | <u>0</u>       |

**31.12.2023** **31.12.2022**

### 11 Ýmsar skammtímaskuldir

|                           |                    |                   |
|---------------------------|--------------------|-------------------|
| Ógreitt orlof .....       | 101.329.661        | 93.765.504        |
| Önnur ógreidd gjöld ..... | 236.875            | 724.000           |
|                           | <u>101.566.536</u> | <u>94.489.504</u> |

## Skýringar

### 12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

|                                                             | 31.12.2023        | 31.12.2022        |
|-------------------------------------------------------------|-------------------|-------------------|
| Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....       | 25.594.417        | 31.193.341        |
| Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað) ..... | 16.723.508        | 34.902.266        |
|                                                             | <u>42.317.925</u> | <u>66.095.607</u> |

|                                                                  | Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga | Fjárfestinga-fjárveiting | Samtals frestaðar tekjur |
|------------------------------------------------------------------|-------------------------------------|--------------------------|--------------------------|
| Staða 01.01.2023 .....                                           | 31.193.341                          | 34.902.266               | 66.095.607               |
| Fjárfestingarfjárveiting ársins .....                            | 0                                   | (17.800.000)             | (17.800.000)             |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum, verk í vinnslu ..... | (3.236.400)                         | 3.236.400                | 0                        |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....                 | 3.615.158                           | (3.615.158)              | 0                        |
| Tekjufærsla frestaðra tekna .....                                | (5.977.682)                         | 0                        | (5.977.682)              |
|                                                                  | <u>25.594.417</u>                   | <u>16.723.508</u>        | <u>42.317.925</u>        |

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2023 munu kr. 5,3 milljónir koma til tekna á árinu 2024.

### 13 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

|                      | 31.12.2023        | 31.12.2022        |
|----------------------|-------------------|-------------------|
| <b>Hrein eign</b>    |                   |                   |
| Jöfnuður 1.1. ....   | 54.779.150        | 45.933.209        |
| Afkoma ársins .....  | (11.634.788)      | 8.845.941         |
| Jöfnuður 31.12. .... | <u>43.144.362</u> | <u>54.779.150</u> |

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

### 14 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabundna skuldbindandi samninga um húsnæði, aðra þjónustusamninga um rekstur, styrktar- og þjónustusamninga. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 55,2 milljónum, vegna þjónustusamninga kr. 3,6 milljónum, vegna styrktar- og stamstarfssamninga 30,5 milljónum.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2023.

#### Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.